

## Grænkun Valla - starfshópur

Fundur 2. - 2103424

Fundurinn var haldinn á Norðurhelli 2, þriðjudaginn 15. febrúar 2022 kl. 15:00.

### Mættir:

Skarphéðinn Orri Björnsson  
Lára Janusdóttir  
Ásgeir Harðarson  
Stefán Már Gunnlaugsson  
Sævar Gíslason  
Jón Arnar Jónsson

### Frá umhverfis- og skipulagssviði:

Helga Stefánsdóttir (HS)  
Ishmael David (ID)  
Berglind Guðmundsdóttir (BG)  
Ingibjörg Sigurðardóttir (IS)

### Forföll:

Olgeir Gestsson

### Fundarefni:

BG fór yfir það helsta sem skipulag svæðisins inniber varðandi gróður ofl.

### Rætt var um helstu forgangsverkefni:

- Ramma hverfið betur inn í gróðri og þá sérstaklega talað um svæðið á milli Selhrauns og Valla sé fyrsta verkefnið
- Lengja mönina við Hamranesvirki þannig að það sjáist minna þegar komið er Ásvallabraut og auka gróður í henni
- Byggja upp hverfisgarð í hverfinu þar sem helst er horft til svæðisins nyrst í lóð Hraunvallaskóla
- Styrkja auð svæði við stíga svo sem milli Hvannavalla og Glitvalla
- Gróðursetja í Grísanesinu
- Gróðursetja milli Skarðshlíðar og Ásvalla 4
- Endurgera yfirborð miðeyja Ásbrautar
- Stígatenging við Hvaleyrarvatn
- Kennileiti á torgin

Ákveðið var að halda íbúafund 15. mars kl 17:30

Dagskráin verður:

1. BG kynnir skipulag Valla og hvað það inniber
2. SOB kynnir hugmyndir hópsins að verkefnum á svæðinu
3. HS kynnir hvað er að gerast í nærumhverfinu
4. Orðið gefið laust – eftir að ákveða með hvaða hætti.

Orri verður fundarstjóri

Mikilvægt er að það sé ritari á fundinum.

Tillaga að auglýsingu:

*Fyrir skemmstu samþykkti Umhverfis og framkvæmdaráð að stofna samráðshóp til að forgangsraða verkefnum um grænkun Valla.*

*Starfshópurinn hefur það hlutverk að skoða skipulag og gera áætlun til þriggja ára um grænkun og umhverfisumbætur á Völlum.*

*Í framhaldi að þessu boðar hópurinn til samráðsfundar með íbúum um hugmyndir að grænkun á Völlum.*

*Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 17. mars kl 17:30 í húsi Umhverfis- og framkvæmdasviðs á Norðurhelli 2.*

Ítarefni:

Umhverfis- og auðlindastefna [https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/umhverfis-og-audlindastefna\\_final-web\\_lowres.pdf](https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/umhverfis-og-audlindastefna_final-web_lowres.pdf)

Trjáræktarstefna Hafnarfjarðar <https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/Hfi-Trjaraektarstefna2021-drog.pdf>

Næsti fundur verður 8. Mars kl 15.

Rit /HS